

Reykjavík, 11. nóvember 2011.

Iðnaðarráðuneytið,
Arnarholi,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn/athugasemdir við drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Eigendur jarðanna Haukadals 2, Kristín Sigurðardóttir, Haukadals 3, Þórir Sigurðsson, Haukadals 4, Már Sigurðsson, Suðurgafli, Bjarni Sigurðsson, og Tortu, Minningarsjóður Ársæls Jónassonar, Pétur Guðfinnsson, Vigdís Guðfinnsdóttir, Margrét Pálsdóttir og Gunnlaugur Pálsson, hafa falið mér undirrituðum Hjörleifi B. Kvaran, hrl., Nordik lögfræðiþjónustu, að koma á framfæri umsögn/athugasemdum við drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Eigendur framangreinda jarða eru meirihluta eigendur hverasvæðisins í Haukadali, Bláskógabyggð, sem almennt er nefnt Geysissvæðið. Meðeigandi er íslenska ríkið eigandi Lauga.

Stjórnsýslulögum ekki fylgt.

Í upphafi er gerð athugasemd við að ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hafi ekki verið fylgt við meðferð þess máls sem hér er til meðferðar. Fram kemur í formála skýrslu verkefnahóps um rammaáætlun að iðnaðarráðherra hafi 7. september 2007 skipað 11 manna verkefnisstjórn til að ljúka 2. áfanga rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í áætluninni skyldi leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúruferðir, náttúru- og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra sem nýtt geta þessi sömu svæði.

Verkefnahópurinn sem skilað hefur af sér skýrslu sem ber nafnið *Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar* hefur flokkað virkjunarkosti vatnsafls og háhita í þrjá flokka, orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Ekki fer milli mála að verkefnahópurinn hefur haft til umfjöllunar eignarréttindi umbjóðenda minna, Geysissvæðið. Þá hefur iðnaðarráðherra samið drög að þingsályktunartillögu þar sem einnig er fjallað um þessi eignarréttindi umbjóðenda minna. Verkefnahópurinn telst stjórnsýslunefnd og iðnaðarráðherra stjórnvald samkvæmt stjórnsýslulögum. Samkvæmt tillögu iðnaðarráðherra, sem telst æðra stjórnvald, fellur Geysissvæðið í verndarflokk, sem er íþyngjandi ákvörðun á eignarréttindum umbjóðenda minna.

Samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga skal aðili máls eiga kost á að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því. Samkvæmt 14. gr. sömu laga skal stjórnvald, þegar aðili máls á rétt á að tjá sig um efni þess, svo fljótt sem verða má, vekja athygli aðila á að mál hans sé til

meðferðar. Hvorki verkefnahópurinn né iðnaðarráðherra hafa enn sem komið er kynnt mál þetta fyrir umbjóðendum mínum eða að til standi að gera tillögu um eignarréttindi þeirra. Leggi iðnaðarráðherra fram þingsályktunartillögu á Alþingi felur það í sér lokaafgreiðslu málsins á stjórnýslustigi. Slík málsmeðferð án samráðs við umbjóðendur mína yrði skýlaust brot á stjórnýslulögunum. Umbjóðendur mínir áskilja sér allan rétt á síðari stigum vegna þessarar brotalamar við meðferð málsins.

Lög 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun skal iðnaðarráðherra í samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu iðnaðarráðherra að þingsályktunartillögu fellur Geysissvæðið í verndarflokk.

Verndarflokkur er skilgreindur í 6. gr. laganna sem virkjunarkostur sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. skulu stjórnvöld þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkunýtingu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar.

Lögin verða ekki skilin á annan hátt en að eftir samþykkt þingsályktunartillögunnar skuli stjórnvöld hefja undirbúning að friðlýsingu þeirra 11 virkjunarkosta vatnsafls og þeirra 9 virkjunarkosta háhita sem ráðherra hefur lagt til að falli í verndarflokk.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem síðar varð að lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun kemur fram að í verndarflokk sé skipað þeim virkjunarkostum og landsvæðum sem ekki virðist réttlætanlegt að heimila virkjun á að virtum markmiðum laganna og þeim sjónarmiðum sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. Skipan virkjunarkosta í þennan flokk feli þó ekki í sér friðlýsingu í hefðbundnum skilningi heldur tímabundna vernd gagnvart orkuvinnslu á þeim svæðum sem afmörkuð eru í verndarflokknum á meðan friðlýsingarferli samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, fer fram eða eftir atvikum þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Þá segir í greinargerðinni að í 4. mgr. 6. gr. sé lögð sú skylda á stjórnvöld að ráðast í undirbúning að friðun þeirra svæða sem afmörkuð eru í verndarflokki verndar- og nýtingaráætlunarinnar þegar eftir að Alþingi hafi samþykkt hana. Friðunin þurfi eingöngu að lúta að framkvæmdum sem ekki eru heimilar skv. 2. mgr. Gert sé ráð fyrir að um friðunina fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Skuli við það miðað að ákvörðun um friðlýsingu, sbr. 58. eða 59. gr. náttúruverndarlaga, liggi almennt fyrir áður en endurskoðuð verndar- og nýtingaráætlun er lögð fyrir Alþingi að fjórum árum liðnum.

Af lögunum og greinargerðinni verður það ráðið að til standi að friðlýsa eignarréttindi umbjóðenda minna innan fjögurra ára frá samþykkt þingsályktunartillögunnar sem verið er að kynna og að friðlýsingarferlið hafi í för með sér að eignarréttindi umbjóðenda minna verði tekin eignarnámi. Á það geta umbjóðendur mínir ekki fallist.

Hagsmunir eigenda Geysissvæðisins.

Hverasvæðið í Haukadal er í óskiptri sameign og eru eignarhlutföllin þessi:

Haukadalur 2 14,465%, Haukadalur 3 14,465%, Haukadalur 4, 14,465%, Suðurgafli, 14,465%

Torta, 16,85% og Laugar 25,28%. Umbjóðendur mínir eru því eigendur 74,72% hverasvæðisins og skiptir meðferð þess og framtíðarnýting þá miklu.

Samkvæmt niðurstöðum 2. áfanga rammaáætlunar er lagt til að Geysissvæðið falli í verndarflokk og er rökstuðningurinn þessi: *Mikilvægt ferðamannasvæði og heimsþekktar náttúruminjar. Vísað í könnun verkefnastjórnar (fylgiskjal 3)*. Í fylgiskjali 3 kemur fram að Geysissvæðið hafi verið meðal virkjunarhugmynda sem ekki voru metnar af öllum faghópum en niðurstaða könnunarinnar hafi verið að meirihlutinn hafi sett svæðið í verndarflokk. Rökstuðningur verkefnisstjórnar er alls ófullnægjandi og getur ekki talist forsenda stjórnvaldsákvörðunar um vernd og friðun sem síðar kann að leiða til eignarnáms.

Geysissvæðið er háhitasvæði og hefur afl þess verið áætlað miðað við 50 ára vinnslutíma, sbr. niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar bls. 121. Þar kemur fram að hágildið sé 45 MW, miðgildið 25 MW og lággildið 15 MW. Eigendum Geysissvæðisins er heimilt að leigja afnotarétt að auðlindinni og eru ekki bundnir að 65 ára tímatakmörkum sem fram kemur í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Leiga auðlindarinnar gæti gefið landeigendum tugi milljóna árlega í aðra hönd.

Landeigendur á Geysissvæðinu nýta þessa auðlind sína á vistvænan hátt og hefur hún verið virkjuð að litlu leyti. Heita vatnið á hverasvæðinu er nýtt til upphitunar húsa í næsta nágrenni og er ennfremur virkjað til annarra þarfa s.s. upphitunar sundlaugar á staðnum. Með hagnýtingu auðlindarinnar spara landeigendur sér milljónir á ári en annars yrði að hita hús upp með rafmagni eða olfu. Landeigendur munu standa vörð um þessi réttindi sín.

Háhitasvæðið á Geysissvæðinu er talið um 5 km² en svæðið í kringum hverinn Geysi hefur verið girt af og er svæðið innan girðingarinnar um 20 ha. Svæðið innan girðingar er því um 4% af skilgreindu háhitasvæði. Geysissvæðið er vinsælt ferðamannasvæði sem dregur til sín hundruð þúsunda gesta á hverju ári. Landeigendur hafa ekki haft beinar tekjur af þessari eign sinni en hluti þeirra hefur haft óbeinar tekjur með sölu á veitingum og varningi til þeirra sem um svæðið fara. Umbjóðendur mínir hafa til skoðunar að stofna rekstrarfélag um Geysissvæðið, sem hefði þann tilgang að byggja upp og reka svæðið innan girðingar og þjóna betur þeim ferðamönnum sem heimsækja svæðið. Yrði það gert með því að gera svæðið aðgengilegra og um leið hættuminna og veita leiðsögn og fræðslu um svæðið. Það er skoðun umbjóðenda minna að nýting orkunnar utan girðingar og varðveisla náttúruminja innan girðingarinnar geti vel farið saman.

Stjórnvöld geta náð markmiðum sínum með vægari aðgerðum.

Samkvæmt 12. gr. stjórnarsýslulaga skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögumætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Regla þessi hefur verið kölluð meðalhófsreglan og er ein af grundvallarreglum íslensks stjórnarsýsluréttar.

Af niðurstöðu starfshóps um 2. áfanga rammaáætlunar og drögum að þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra verður ráðið að vilji stjórnvalda standi til að friða Geysissvæðið og friðlýsa samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga. Slík vegferð stjórnvalda kann að leiða til tillagna um eignarnám á eignarréttinum umbjóðenda minna. Umbjóðendur mínir munu verjast slíkum aðgerðum.


Það er skoðun umbjóðenda minna að stjórnvöld kunni að geta náð fram markmiðum sínum með vægari aðgerðum. Þær aðgerðir ættu að felast í viðræðum um framtíð Geysissvæðisins

innan og utan girðingarinnar. Til greina gæti komið að stjórnvöld keyptu eða leigðu orkuauðlind umbjóðenda minna í því skyni að nýta hana ekki. Þá geta hagsmunir umbjóðenda minna og stjórnvalda farið saman um uppbyggingu svæðisins. Umbjóðendur mínir hafa ríka hagsmuni af komu ferðamanna og allir vilja þeir stuðla að frekari uppbyggingu á svæðinu. Eins og áður er fram komið hafa þeir í hyggju að stofna rekstrarfélag um Geysissvæðið innan girðingar. Íslenska ríkið sem er meðeigandi umbjóðenda minna er boðið velkomið til þátttöku í slíku félagi.

Lokaorð.

Undirritaður gerir fyrir hönd umbjóðenda sinna eins og fram hefur komið verulegar athugasemdir við drög iðnaðarráðherra að þingsályktunartillögu um vernd og nýtingu landsvæða. Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji málið í heild í þann farveg sem boðlegur er gagnvart þeim einstaklingum og lögaðilum sem hagsmuna eiga að gæta. Verði það gert með upplýstri kynningu á verkefninu gagnvart beinum hagsmunaaðilum eignarréttinda, þar sem markmið stjórnvalda verði kynnt og kannað hvort hagsmunir landeigenda í þessu tilviki og stjórnvalda kunni að fara saman. Fyrst eftir slíka kynningu og viðræður getur iðnaðarráðherra lagt þingsályktunartillögu fyrir Alþingi, enda nauðsynlegt að ráðherra veiti þinginu upplýsingar um afstöðu einstakra eignarréttarhafa þegar hún gerir grein fyrir málinu.

Virðingarfyllst,



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.